

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, stað- **14**
festist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 til þess að öðlast gildi **17. febr.**
þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

15

17. febr.

um breyting á reglugerð nr. 180/1952 og reglugerð nr. 174/1954
fyrir Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hlutverk ráðningarstofunnar er, auk þess sem talið er í reglugerð um vinnu-
miðlun nr. 130 17. sept. 1956:

1. Að hafa milligöngu um ráðningu starfsfólks bæjarins og bæjarstofnana, þess er laun tekur skv. XI.—XV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar.
2. Að fara með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík, skv. reglugerð nr. 122 21. sept. 1954.
3. Að inna af höndum þau störf, sem henni verða falin af bæjarstjórn og borgarstjóra.

2. gr.

3. og 4. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinatala samkvæmt því.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar, er verður 3. gr., orðist svo:

Stjórn Ráðningarstofunnar skipa fimm menn. Þrír þeirra skulu kjörnir af bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu, einn skal tilnefndur af fulltrúa-
ráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

Hafi þeir aðilar, er síðast voru taldir, annar eða báðir, eigi tilnefnt fulltrúa í stjórn Ráðningarstofunnar innan tveggja mánaða frá því að þeir fá tilkynningu um að gera það, þá skal bæjarstjórn Reykjavíkur á næsta fundi sínum þar á eftir kjósa fulltrúa til viðbótar í stjórnina, svo að hún verði jafnan skipuð fimm mönnum.

Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna er fjögur ár.

Stjórnin kys sér sjálf formann, varaformann og ritara, til eins ár í senn.

4. gr.

6. gr. reglugerðarinnar, er verður 4. gr., breytist þannig:

Í stað orðanna „tveir úr stjórninni óska“, komi: einn úr stjórninni óskar.

5. gr.

7. gr. reglugerðarinnar, er verður 5. gr., orðist svo:

Bæjarstjórn skipar forstöðumann stofunnar og aðra fasta starfsmenn að fengnum tillögum stjórnarinnar og hefur yfirumsjón með störfum þeirra og stofunnar

15 yfirlieitt. Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum ráðningarstofunnar sérstakar starfs-
17. febr. reglur að fengnum tillögum stjórnarinnar.

6. gr.

Ný grein, er verður 7. gr., komi í reglugerðina og orðist þannig:

Forstöðumanni Ráðningarstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis um vinnumiðlun-
ina skulu vera fjórir menn. Tveir þeirra skulu vera tilnefndir af fulltrúaráði verkalýðs-
félaganna í Reykjavík, en tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands. Varamenn
skulu tilnefndir á sama hátt. Ef málefni varðar Vinnuálag samband samvinnu-
félaganna, skal fulltrúi þess koma í stað annars fulltrúa Vinnuveitendasambands
Íslands. Ef ráðunautur er ekki tilnefndur fer á sama hátt og um kosningar stjórnar-
manns, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Trúnaðarmenn skulu koma saman til fundar með forstöðumanni Ráðningar-
stofunnar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, sómuleiðis þegar einhver þeirra óskar
að fundur sé haldinn.

Um verksvið trúnaðarmanna skv. þessari grein, fer eftir því sem fyrir er mælt
í lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun og í reglugerð um vinnumiðlun nr.
130 17. sept. 1956.

7. gr.

9. gr. reglugerðarinnar falli niður.

8. gr.

10. gr. reglugerðarinnar, er verður 9. gr., orðist þannig:

Kostnaður við vinnumiðlun, skv. reglugerð þessari greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr
bæjarsjóði Reykjavíkur, en $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 52 9. apríl
1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

16

20. febr.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Vestmannaeyja skal greiða fasteignaskatt af fasteignum í lög-
sagnarumdæmi Vestmannaeyja eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 1%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum og byggingum til atvinnureksturs 1%.
3. Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúðar og lóðum, sem þær standa
á 0.5%.